

Kristinn Ágúst Friðfinnsson

Umsögn

Kirkjuþing 2021-2022 8. mál – þskj. 8

Tillaga að starfsreglum um kjör til kirkjuþings.

Tillagan er vandlega unnin. Hún gerir hins vegar ráð fyrir svipuðum aðferðum við að velja fólk til kirkjuþings og áður hafa tíðkast.

Ég tel að kirkjuþing endurspegli alls ekki þann hóp sem í Þjóðkirkjunni er. Þjóðkirkjan er breiðfylking fólksins í landinu. Í henni er fólk úr öllum stéttum, ungt, á miðjum aldri og eldri borgarar. Á þetta leggjum við áherslu við hátíðleg tækifæri. Reynslan sýnir hins vegar að svo dræm er kosningaþátttaka að varla er hægt að tala um lýðræðislega kosningu. Einnig má hafa í huga að þrlátur orðrómur er um að á þinginu sitji helst þröngur hópur í tengslum við oft handahófskenndan hóp sóknarnefndarfólks. Til að standa við stóru orðin og til að fá ferska og nýja vinda inn á þingið legg ég til eftirfarandi:

Ég legg til að í hverju kjördæmi verði fulltrúar leikmanna valdir handahófskennt með aðstoð tölvubúnaðar Þjóðskrár eða með aðstoð tölvuvers Háskóla Íslands úr hópi þeirra leikmanna, 18 ára og eldri, sem hlotið hafa skírn í nafni heilagrar þrenningar og skráðir eru í íslensku þjóðkirkjuna. Valinn verði svo stór hópur fólks í hverju kjördæmi að fólk geti beðist undan að setjast á þingið og einnig verði hægt að undanskilja þá sem ekki hafa óflekkað mannorð.

Ég skora á þingfulltrúa að hugsa þetta mál mjög vel og opið og láta ekki stjórnast af sjálfhverfum sjónarmiðum.

Ég vissi ekki um frest til að skila inn umsögnum en bið um að þessi umsögn verði tekin með.

Lifið heil, Kristinn Ágúst Friðfinnsson.